

Feneyjatvíværingurinn um byggingarlist og skipulagsmál

Ísland tekur í fyrsta sinn þátt í [Feneyjatvíværingnum](#) um byggingarlist og skipulagsmál sem verður haldinn í 10. sinn í Feneyjum dagana 10. september til 19. nóvember 2006. Yfirskrift tvíværingarsins er: Borgir, byggingarlist og samfélag.

Íslenska framlagið verður [tónlistar- og ráðstefnuhúsið á Austurbakka](#) í Reykjavík ásamt tilheyrandi skipulagi og uppbyggingu í miðborginni. Jafnframt kynningu á hönnun hússins verður lögð áhersla á að kynna Ísland sem menningar- og ráðstefnuland. Eignarhaldsfélaginu Portus hefur verið falið að annast undirbúninginn í samráði við [Reykjavíkurborg](#), menntamálaráðuneyti og [Austurhöfn – TR ehf.](#) sem styrkja verkefnið.

PISA í norrænu ljósi

Ráðstefnan [PISA í norrænu ljósi](#) var haldin nýverið í Osló. Þar leiddu sama hesta sína norrænir rannsakendur og embættismenn og voru flutt mörg erindi sem fjölluðu um rannsóknir á niðurstöðum alþjóðlegrar könnunar OECD ([Programme for International Student Assessment](#)).

Eins og kunnugt er hafa Finnar staðið sig mjög vel í PISA könnunum; voru í efsta sæti á öllum sviðum í PISA 2003 nema í stærðfræði þar sem þeir voru í öðru sæti á eftir nemendum í Hong Kong. Árangur nemenda á hinum Norðurlöndunum var nálægt meðaltali OECD ríkjanna. Á Íslandi og í Danmörku var árangur í stærðfræði yfir meðaltali en í raunvísindum og lestri undir meðaltali. Árangur nemenda í Noregi var yfir OECD meðaltali í lestri en undir meðaltali í stærðfræði og raunvísindum. Í Svíþjóð var árangur jafnari og yfir OECD meðaltali.

Ýmislegt kom fram á ráðstefnunni um hvað Norðurlönd eiga sammerkt og um hvað þau eru ólík. Ef til dæmis eru skoðaðir þeir þættir sem hafa áhrif á árangur í stærðfræði þá eiga Norðurlöndin það sameiginlegt að nemendur hafa ekki tamið sér skilvirkar námsaðferðir (learning strategies) sem veldur því að þeir eiga erfiðara með að stunda námið sjálfstætt. Í skólum er agi er ekki mikill og áhersla fremur lögð á stuðning við nemendur og þátttöku þeirra en árangur. Þó verður að setja fyrirvara um að draga víðtækar ályktanir af þessum niðurstöðum.

Athygli vekur að árangur innflytjenda er mismunandi á milli Norðurlanda. Fram kom að slakur árangur innflytjenda á stóran þátt í því hve Danmörk kemur illa út í PISA. Mikill munur er á milli skóla og þar sem innflytjendur eru margir er árangur mjög slakur. Innflytjendur í Svíþjóð og á Íslandi standa sig mun betur í PISA. Ísland stendur mjög vel hvað varðar jöfnuð og eru lítil tengsl á milli félagsstöðu og árangurs þó svo að munur sé á milli skóla. Ísland er eina landið innan OECD þar sem stelpur ná betri árangri en strákar í stærðfræði. Í erindi sem Júlíus Björnsson hélt á ráðstefnunni kom fram að kynjamunurinn í árangri sveiflast mikið milli ára sé byggt á niðurstöðum úr samræmdum prófum (en þau eru sambærileg við PISA). Ekki virðast vera skýr tengsl á milli félagslegra breyta eða búsetu og mismunar á milli kynja ef lítið er yfir nokkur ár þó að mikill munur sé á árangri kynjanna milli höfuðborgarsvæðis og landsbyggðar árið 2003. Helst er hægt að skýra muninn milli stráka og stelpna með kunnáttu þeirra í lestri sem virðist hafa áhrif á skilning kynjanna á stærðfræði.

Leyndardómurinn um stærðfræðina og íslensku stelpurnar er þó ekki að fullu skýrður og frekari rannsókn er þörf.

Þjóðminjasafn Íslands hlýtur sérstaka viðurkenningu Evrópuráðs safna

[Þjóðminjasafn Íslands](#) hlaut sérstaka viðurkenningu fyrir framúrskarandi árangur við endurbætur safnsins á verðlaunaafhendingu samkeppinnar Safn Evrópu ([European Museum of the Year Award 2006 - EMYA2006](#)) á ársfundi Evrópuráðs safna ([European Museum Forum – EMF](#)) nýverið. Skilyrði tilnefningar og þátttöku safns í samkeppninni er að safnið hafi lokið umfangsmiklum breytingum eða endurskipulagningu á einhverjum þætti starfseminnar á síðastliðnum tveimur árum, eða að um sé að ræða nýtt safn, stofnað á síðastliðnum tveimur árum. Ástæða tilnefningar Þjóðminjasafnsins til samkeppinnar 2006 er vel heppnuð endurskipulagning og endurhönnun sýninga og starfsemi safnsins, en metnaðarfullt starf þessa höfuðsafns og þróun hefur skapað ný, framsýn og mikilvæg viðmið fyrir íslenskt safnastarf í heild.

Út er komið á vegum Eurydice ritið *Quality Assurance in Teacher Education in Europe*

Í ritinu er greint frá aðferðum sem beitt er við að meta og viðurkenna almennt kennaranám, endurmenntun kennara og kennaramenntunarstofnanir.

Helstu niðurstöður:

- Í tveimur þriðju hluta Evrópu gilda almennar reglugerðir um mat á námi á háskólastigi einnig um mat á almennu kennaranámi. Í sumum tilvikum innihalda þær sérstakar viðmiðunarreglur.
- Í flestum löndum er skylt að lagt sé bæði ytra og innra mat á kennaramenntun. Við ytra mat er venjulega byggt á sjálfsmatskýrslu stofnunarinnar.
- Ytra mat er yfirleitt í höndum sérfræðingateyma, jafningjahópa eða eftirlitsaðila. Í aðeins fimm löndum er skylt eða mælt með að námsmenn eigi sæti í matsteymum.
- Í flestum löndum gerir ytra mat á almennri kennaramenntun kleift að tekin sé ákvörðun um hvort (endur)viðurkenna eigi stofnun eða

námsbraut sem þar fer fram, sem getur þá haft áhrif á opinbera fjárveitingu.

- Í nánast öllum löndum eru til staðar reglugerðir sem kveða á um viðurkenningu og/eða mat á aðilum sem annast starfsþjálfun/endurmenntun. Meginaðferðin sem beitt er við ytra mat á þessu sviði er greining á skriflegu þjálfunarverkefni og/eða sjálfsmatskýrslu.

Skýrsluna ásamt fréttatilkynningu er að finna [hér](#).

Er lítil munur á árangri nemenda í 9. og 10. bekk á samræmdum prófum?

Eins og fram hefur komið í fréttum fjölgaði mjög frá fyrra ári þeim nemendum í 8. og 9. bekk sem þreyttu samræmd lokapróf 10. bekkjar grunnskóla nú í vor. Þessir nemendur voru 750 í vor en voru 301 árið 2005. Fróðlegt væri að bera saman árangur þessara nemenda á prófunum en allur heildarsamanburður á árangri nemenda í 8., 9. og 10. bekk er varasamur, m.a. vegna mikils munar á fjölda í hverjum árgangi sem þreytti prófin.

Upplýsingar frá [Námsmatsstofnun](#) um árangur valinna nemenda í 9. og 10. bekk í íslensku og stærðfræði nú í vor gera þó ákveðinn samanburð mögulegan en vakin er athygli á mun á fjölda nemenda í þessum hópum, sjá töflu hér að neðan. Skoðaður er árangur þess hóps nemenda í báðum árgöngum nú í vor sem bestum árangri náði í þessum greinum þegar þeir þreyttu samræmd próf í 7. bekk. Fram kemur tiltölulega lítil munur á árangri þessara nemenda í íslensku og stærðfræði, þ.e. að svo virðist sem þessir 9. bekkjar nemendur sýni nánast jafngóðan árangur og þeir sem þreyttu prófin í lok 10. bekkjar.

Normaldreifðar einkunnir á kvarðanum 0-60

	Íslenska		Stærðfræði	
	Meðaltal	Fjöldi	Meðaltal	Fjöldi
9. bekkjar sem voru í hópi 23% hæstu í 7. bekk	39,0	63	38,552	174
10. bekkjar sem voru í hópi 23% hæstu í 7. bekk	39,9	1185	38,731	1054

